

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um íslenska búninga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur þjóðbúningaráð sem Alþingi ályktaði að koma á fót, sbr. þingsályktun 10. mars 1999 verið skipað?
2. Er fyrirhugað að stofna leiðbeiningarþjónustu í sambandi við notkun og gerð íslenskra búninga, sbr. sömu þingsályktun?
3. Hvaða áform eru um stuðning við gerð íslenskra búninga?
4. Er fyrirhugað að standa fyrir kynningum á íslenskum búningum í skólum og á öðrum vettvangi? Ef svo er, á hvers vegum verða kynningarnar?
5. Hvernig er fyrirhugað að tryggja að fagleg þekking við gerð íslenskra búninga viðhaldist hjá klæðskerum, kjólameisturum og í handverksiðnum? Eru uppi áform um stuðning í þessum efnum, til dæmis við handverk sem tengist íslenskum búningum, svo sem þrjón, skúfagerð, orkeringu, knipl, balderingu og silfursmíði?
6. Er fyrirhugað að veita vestur-íslenskum áhugamönnum aðstoð og leiðbeiningu um gerð íslenskra búninga?
7. Er fyrirhugað að skrá alla íslenska búninga sem til eru á byggðasöfnum landsins?
8. Er fyrirhugað að styðja námskeiðahald í tengslum við íslenska búninga í öðrum byggðarlögum landsins en á suðvesturhorninu, svo sem með því að greiða ferðakostnað kennara og leiðbeinenda?

Skriflegt svar óskast.